

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1173****2023/EES/85/10****frá 15. júní 2023****um að taka tiltekin fóduraukefni af markaði, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 943/2005 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fódur ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Einkum er í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um reglur um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð um að taka fóduraukefni af markaði sem engar umsóknir, eins og krafist er skv. 2. og 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum eða sem umsókn var lögð fram fyrir en síðan afturkölluð.
- 3) Því ætti að taka fóduraukefnin sem skráð eru í viðaukanum af markaði.
- 4) Ef um er að ræða fóduraukefni sem umsóknir hafa eingöngu verið lagðar fram fyrir að því er varðar tilteknar dýrategundir eða flokka dýra, eða ef umsóknir hafa eingöngu verið dregnar til baka að því er varðar tilteknar dýrategundir eða flokka dýra, ætti takan af markaði einungis að varða dýrategundir og flokka dýra sem engin umsókn hefur verið lögð fram fyrir eða sem umsóknin hefur verið dregin til baka fyrir.
- 5) Í kjölfar töku skráðu fóduraukefnanna af markaði er rétt að fella úr gildi ákvæðin þar sem þau eru leyfð. Af þessum sökum ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005 ⁽³⁾ til samræmis við það og fella ætti reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 2148/2004 ⁽⁵⁾ og (EB) nr. 943/2005 ⁽⁶⁾ úr gildi.
- 6) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil, en innan þess má nota fyrirbyggjandi birgðir af aukefnum sem um er að ræða, forblöndum, fódri og fódurblöndum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppnar, til að gera hlutaðeigandi aðilum kleift að laga sig að töku þessara vara af markaði.
- 7) Taka vara sem eru skráðar í viðaukanum af markaði kemur ekki í veg fyrir að þær verði leyfðar eða falli undir ráðstöfun varðandi stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1810/2005 frá 4. nóvember 2005 um nýtt leyfi til 10 ára fyrir aukefni í fódri, varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fódri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fódur (Stjtið. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 5).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 frá 16. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fódri (Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 frá 16. desember 2004 um varanleg leyfi og bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fódur (Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24).

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fódri (Stjtið. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6).

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Taka af markaði

Fóðurukefnin sem eru tilgreind í viðaukanum skulu tekin af markaði að því er varðar þær dýrategundir eða flokka dýra sem nefndir eru í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir fyrir fóðurukefni sem á að taka af markaði

- Fyrirliggjandi birgðir af aukefnunum sem tilgreind eru í viðaukanum má áfram setja á markað og nota fram til 6. júlí 2024.
- Forblöndur, sem eru framleiddar með aukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 6. október 2024.
- Fóðurlöndur og fódurefni, sem eru framleidd með aukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 6. júlí 2025.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1810/2005

Reglugerð (EB) nr. 1810/2005 er breytt sem hér segir:

- Ákvæði 3. gr. falla brott.
- Ákvæði III. viðauka falla brott.

4. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 943/2005 eru felldar úr gildi.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Fóðuraufefni sem skal taka af markaði eins og um getur í 1. gr.

1. HLUTI

Fóðuraufefni sem skal taka af markaði að því er varðar allar dýrategundir og flokka dýra

Kenninúmer	Aufefni	Tegund eða flokkur dýra
Ýruefni og stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni		
E 433	Pólýoxýetýlen(20)sorbítanmónóóleat	Allar tegundir
E 413	Tragakant	Allar tegundir
Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni		
E 561	Vermikúlít	Allar tegundir
E 599	Perlusteinn	Allar tegundir
Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun		
	B ₁₂ -vítamín eða sýanókóbalamín Öll form, að undanskilinni blöndu með sýanókóbalamíni, sem er framleitt með <i>Ensifer adhaerens</i> CNCM I-554, sem inniheldur ≤ 1% sýanókóbalamín, fast form [3a835] (1).	Allar tegundir
Votfóðursaufefni		
Örverur		
	<i>Lactobacillus casei</i> NBRC 3425 (ATCC 7469)	Allar tegundir
	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> NBRC 0203 (IFO 0203)	Allar tegundir
Ensím		
	Alfaamýlasi EC 3.2.1.1 úr <i>Aspergillus oryzae</i> CBS 585.94	Allar tegundir
Litgjafar, að meðtöldum litarefnum		
Aðrir litgjafar		
E 150b, E 150c og E 150d	Karamellubrúnt sem litunarefni sem hefur verið leyft til litunar á matvælum með reglum Bandalagsins	Allar tegundir
Bragðefni og lystaukandi efni		
Náttúruleg efni — grasafræðilega skilgreind		
	<i>Abies alba</i> Mill., <i>A. sibirica</i> Ledeb.: Furunáaolía, CAS-nr. 8021-292, FEMA-nr. 2905, CoE-nr. 5, Eines-nr. 294-351-9	Allar tegundir
	<i>Eleutherococcus senticosus</i> Rupr. et Maxim. = <i>Acanthopanax s.</i> Harms: Síberíuginsengrótt, útdráttur (að stofni til úr leysi)	Allar tegundir
	<i>Helianthus annuus</i> L.: Hrein sólblómaolía/sólblómaolía/sólblómatinktúra	Allar tegundir
	<i>Origanum heracleoticum</i> L.: Grísk kjarrminta, útdráttur/óleóresín/grísk kjarrminta, olía	Allar tegundir
	<i>Origanum heracleoticum</i> L.: Kjarrmintuolía	Allar tegundir

	<i>Petroselinum sativum</i> Hoffm. = <i>P. crispum</i> Mill. = <i>P. hortense</i> L.: Olía úr steinseljulaufum CAS 8000-68-8 FEMA 2836 CoE 326 EINECS-nr. 281-677-1/Olía úr steinseljufræi CAS 8000-68-8 CoE 326 EINECS-nr. 281-677-1	Allar tegundir
	<i>Trachyspermum ammi</i> (L.) Sprag. et Turr.: Karúmolía	Allar tegundir
	<i>Bupleurum rotundifolium</i> L.: Hérabuddutinktúra	Allar tegundir
	<i>Boswellia serrata</i> Roxb. ex Colebr.: Reykelsistinktúra	Allar tegundir
	<i>Bambusa</i> sp.: tinktúra	Allar tegundir
	<i>Pimenta dioica</i> L. Merr. = <i>P. officinalis</i> Lind L.: Allrahanda, olía CAS 8006-77-7 FEMA 2018 CoE 335 EINECS-nr. 284-540-4	Allar tegundir

Náttúrleg efni og samsvarandi tilbúin efni

	CAS-nr. 13678-67-6/dífúrfúrýlsúlfið/Flavis-nr. 13.056	Allar tegundir
	CAS-nr. 29606-79-9/isópúlegón/Flavis-nr. 07.067	Allar tegundir
	CAS-nr. 43052-87-5/ α -damaskón/Flavis-nr. 07.134	Allar tegundir
	CAS-nr. 4437-22-3/dífúrfúrýletri/Flavis-nr. 13.061	Allar tegundir
	CAS-nr. 623-15-4/4-(2-fúrýl)bút-3-en-2-ón/Flavis-nr. 13.044	Allar tegundir

(¹) Þetta form B₁₂-vítamíns eða sýanókóbalamín var leyft með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1249 frá 19. júlí 2022 um leyfi fyrir B₁₂ vítamín í formi sýanókóbalamíns, sem er framleitt með *Ensifer adhaerens* CNCM I-5541, sem fóðuraufefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 10).

2. HLUTI

Fóðuraufefni sem skal taka af markaði að því er varðar tiltekna dýrategundir eða flokka dýra

Kenninúmer	Aufefni	Tegund og flokkur dýra
------------	---------	------------------------

Rotvarnarefni

E 250	Natríumnítrít	Hundar, kettir
-------	---------------	----------------

Ýruefni og stöðgarar, þykkingarefni og hleypiefni

E 406	Agar	Gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneidis
-------	------	---

Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni

E 567	Klínóptílólit úr gosmyndunum	Svín, alifuglar
-------	------------------------------	-----------------

Votfóðursaufefni

Efni

	Hexametýlentetramín	Nautgripir, sauðfé, svín, alifuglar, kanínur, hestar, geitur
--	---------------------	--

Ensím

E 1613	Endó-1,4-betaglúkanasi/EC 3.2.1.8, sem er framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CNCM MA 6-10 W)	Varphænur, eldiskalkúnar, eldiskjúklingar
--------	---	---

Litgjafar, að meðhöldum litarefnum**Aðrir litgjafar**

E 127	Erytrósín sem litunarefni sem hefur verið leyft til litunar á matvælum með reglum Bandalagsins	Skriðdýr, kettir
E 127	Erytrósín [virkur hópur 2 a (iii)]	Skrautfiskar

Bragðefni og lystaukandi efni**Náttúruleg efni — grasafræðilega skilgreind**

	<i>Humulus lupulus</i> L. flos: Humlakjarni (kvenaldinkollar), ríkur af betasýrum	Allar dýrategundir, að undanskildum frá-færugrísimum, eldissvínimum og aukategundum svína, fráfarð og til eldis
	Náttúruleg efni og samsvarandi tilbúin efni	
	CAS-nr. 3188-00-9/4,5-dihýdró-2-metýlfúran-3(2H)-ón/Flavis-nr. 13.042	Allar dýrategundir, að undanskildum gæludýrum
	CAS-nr. 3658-77-3/4-hýdroxý-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón/Flavis-nr. 13.010	Allar dýrategundir, að undanskildum gæludýrum
	CAS-nr. 4180-23-8/1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen/Flavis-nr. 04.010	Alifuglar og fiskar
	CAS-nr. 97-53-0/evgenól/Flavis-nr. 04.003	Alifuglar

Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun

	Lífsmáttlegar ómettaðar ómega-6-fítusýrur (sem oktaðekadiensýra)	Gyltur til undaneldis, gyltur, til að hafa jákvæð áhrif á spenagrísi, kýr til undaneldis
--	--	--